



Foreldrafélög grunnskólanna
í Reykjanesbæ

Mættir voru: Jana Akurskóla, Hafdís Akurskóla, Linda Myllubakkaskóla og Jónína Margrét Njarðvíkurskóla, Ingigerður verkefnastjóri.

Fundarstaður: Virkjun, bygging 740, Vallarheiði

Fundartími: Fimmtudagur 19.febrúar 2009 kl. 17:15 -18:30

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Upplýsingar um málþing:
 - a. Gylfi Jón, yfirsálfræðingur á fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, mun halda erindi. Ákveðið var að athuga hvort hann geti tekið á atriðum varðandi kvíða barna, einkennum og úrlausnum. Við viljum að hann ræði um lausnir. Velferð barna er öllum ofarlega í huga. Velferðapættir eru þak yfir höfuð, tekjur, matur, föt, líkamleg og andleg heilsa foreldra. Hversu mikilvægt er það fyrir börn að eiga aðra að en bara foreldra? Vinir og velvildarfólk (fullorðið fólk)? Get ég sem kennari, starfsmaður í skóla, íþróttahúsi, móðir vinar annarra barna haft áhrif á önnur börn fyrir lífstíð og jafnvel stuðlað að vellíðan þeirra með framkomu minni gagnvart þeim?
 - b. Árni Sigfússon er laus til þess að mæta og setja þingið.
1. Guðbjörg er upptekin en ákveðið að setja þær spurningar /fyrirspurnir á blað sem hafa verið ræddar á FFGÍR fundum og beinst hafa að fræðslustjóra. Við munum kasta því á milli okkar í gegnum tölvupóst og móta betur og faglegar – Ingigerður mun síðan koma þeim til Eiríks/Guðbjargar.

Við viljum fá nokkra aðila frá Reykjanesbæ til að svara spurningum af háborði. Velferðarnefnd bæjarins- fulltrúi frá henni. Hvernig starfar hún og hvað hefur hún gert?

 - a. Við viljum fá svör við ýmsum spurningum
 - i. Frístundaskólinn
 - ii. Niðurskurður innan skóla– hvar verður skorið niður- ráðaskólastjórar (þarf fulltrúi skólastjóra að koma?)

- iii. Skólaferðalög (Hvað geta foreldrar gert eða eiga börn að fara í gegnum grunnskólann án skólaferðalaga?)
 - iv. Forfallakennsla
 - v. Sértek þjónusta
 - vi. Aðgerðaáætlanir hjá bænum
- c. Árelía Eydís tók vel í erindi okkar varðandi þátttöku hennar á málþinginu. Hún mun hafa samband í síðasta lagi á morgun.
- d. Farið yfir dagskrá málþings: Við fórum aðeins yfir dagskrána og mótuðum hana aðeins betur.
- i. 09:30 Húsið opnar
 - ii. 10:00 Setning – Árni Sigfússon setur þingið
 - iii. 10:10 Tónlistaratriði – TSR eða barnakór
 - iv. 10:20 Erindi fulltrúa Reykjanesbæjar – “umræður”
 - v. 11:15 Árelía Eydís – fjallar um vonina og framtíðarsýn
 - vi. 12:00 Súpa og aðgangur að bæjarfulltrúum/kynningarbásum
 - vii. 12:15 Tónlistaratriði
 - viii. 13:00 Gylfi Jón Gylfason flytur erindi – athuga nánar
 - ix. 14:10 Ánægjustundir fjölskyldunnar – Jana og FFGÍR félagar

Verkaskipting fyrir málþing: Ákveðið að setja vinnuhóp fyrir hvert erindi. Inga tekur fyrsta erindið, Jana ræðir aftur við Árelíu.

Foreldrafélögin – hver skóli sér um sig--- fáíð fólk í lið og skiptið með ykkur verkum. Útbúa plaggat eða blöðung með upplýsingum.

Kynningabásar- hver hefur samband?

Jana – Tae kwondo

Hafdís- Keflavík –IBK

Linda- Skátarnir

Jónína Hermans-UMFN

Ingigerður ræðir við alla hina sem eiga erindi með kynningabás, pantar barnakóra, fær tilboð í súpu, talar við Gylfa Jón og Guðbjörgu og sendir auglýsingu og fréttatilkynningar o.fl.

3. Foreldraviðvera: ekki rædd á þessum fundi.

Ræddum einnig um kynningarmál. ákveðið að samræma texta og birta á heimasíðum Reykjanesbæjar, skólanna, Virkjunar, Víkurfrétta og FFGÍR og fleiri ef þið munið. Einnig var ákveðið að fá birtingu í blaði Víkurfrétta næsta fimmtudag, þann 26. febrúar og hafa samband við Morgunblaðið og Stöð 2.

Næsti fundur 26. febrúar, í húsnæði Virkjunar á Vallarheiði.

Hvers konar fræðslu græða foreldra mest á til að gæta velferðar barna sinna?